



Skíðaping 2021

haldið á Akureyri 29.-30. október

ÞINGSKJAL nr. 5

Tillaga að breytingum á reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

Var:

5.grein – Útreikningur á bikarstigum

Reikna skal saman stigafjölda hvers félags eða héraðs fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki. Hvert félag eða hérað safnar stigum undir skráðu nafni. Veita skal stigahæsta félaginu eða héraðinu í eftirtöldum flokkum verðlaun:

- 12-15 ára (bæði kyn saman).
- 16 ára og eldri (bæði kyn saman).
- 12 ára og eldri (bæði kyn saman) – Skal það félag eða hérað kallast Bikarmeistari SKÍ það árið.

Verður:

5.grein – Útreikningur á bikarstigum

Reikna skal saman stigafjölda hvers félags ~~eða héraðs~~ fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki. Hvert félag ~~eða hérað~~ safnar stigum undir skráðu nafni. Veita skal stigahæsta félaginu ~~eða héraðinu~~ **farandbikar** í eftirtöldum flokkum verðlaun:

- 12-15 ára (bæði kyn saman).
- 16 ára og eldri (bæði kyn saman).
- 12 ára og eldri (bæði kyn saman) – Skal það félag eða hérað kallast Bikarmeistari SKÍ það árið.

Rökstuðningur.

Aðildarfélög SKÍ hafa beina aðild að SKÍ og eðlilegra að fara eftir aðildarfélögum heldur en einhverju öðru.

Vísað til: Alpagreinanefndar Skíðagöngunefndar Snjóþrettanefnd Allsherjarnefnd

Afgreiðsla: Samþykkt Felld